

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar  
Guðríður Friðriksdóttir  
Geislagötu 9,  
600 Akureyri

Reykjavík, 16. september 2021  
UST202103-053/gf  
08.08.02

## **Varðar reglubundið eftirlit 2021 - Malbikunarstöð Akureyrar við Súluveg**

Þann 7.7.2021 fór fram eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar v/ Súluveg á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar. Uppfæra þarf skrá yfir olúgeyma notaða í stöðinni og senda afrit á Umhverfisstofnun. Þrýstiprófa þarf niðurgrafnar oliulagnir á fimm ára fresti og senda niðurstöður á Umhverfisstofnun. Uppfæra þarf skriflegar áætlanir sem krafa er gerð um í starfsleyfi og senda afrit á Umhverfisstofnun.

### **Sex frávik frá kröfum í starfsleyfi:**

1. Í grein 3.8 í starfsleyfi eru losunarmörk fyrir ryk ákvörðuð 50 mg/Nm<sup>3</sup>. Niðurstöður mælinga á ryki árið 2020 sýna losunina 239 mg/Nm<sup>3</sup> og árið 2021 sýna losunina 325 mg/Nm<sup>3</sup>. Árið 2020 mældist kolmónoxíð 734 mg/Nm<sup>3</sup> sem er yfir losunarmörkum (500 mg/Nm<sup>3</sup>)
2. Í grein 3.5 í starfsleyfi er áskilið að útstreymishraði í skorsteini sé a.m.k. 20 m/s (+/- 10%). Í mælingum 6. júlí sl. mældist hann 17,5 m/s sem er undir mörkum.
3. Í grein 3.11 í starfsleyfi eru losunarmörk fyrir olíu í frárennsli ákvörðuð 15 mg/ml. Í grein 4.2 í starfsleyfi segir að mæla skuli olíu í fráveituvatni að lágmarki árlega. Niðurstöður fyrir mælingar á olíu í fráveitu fyrir árin 2020 og 2021 hafa ekki borist. Í sömu grein segir að skila eigi niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar.
4. Í grein 3.11 í starfsleyfi er gert ráð fyrir því að frárennsli frá yfirborðsvatni vegna starfseminnar að Súluvegi sé veitt í regnvatnskerfi sveitarfélagsins. Ofanvatn af lóð malbikunarstöðvarinn er ekki leitt í regnvatnskerfi Akureyrarbæjar.
5. Í grein 4.5 í starfsleyfi segir að rekstraraðili skuli skila grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 og skiladagur er 1. maí ár hvert. Grænt bókhald hafði ekki borist 7. júlí sl. þegar komið var í eftirlit. Gögnin bárust 18. ágúst sl. og því er frávikin lokað.
6. Í grein 4.2 í starfsleyfi er krafa um að niðurstöðum mælinga skuli skilað til Umhverfisstofnunar og fyrir lok hvers árs. Útblástursmælingar vegna 2020 bárust ekki fyrir en í júlí 2021. Niðurstöðurnar bárust 7. júlí sl. og því er frávikin lokað.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum opnum frávikum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4.10.2021.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur